

Samfélagsverkefni í Fljótsdalshreppi

Samantekt frá vinnusmiðju 10.12.

Mánudaginn 10. desember komu sveitarstjórn og samfélagsnefnd Fljótsdalshrepps saman til samtals og undirbúnings um samfélagsverkefni og hugsanlegt íbúáþing. Undirrituð stýrði vinnusmiðjunni, sem samanstóð af fræðslu um forsendur árangursríkrar þátttöku íbúa og vinnu heimamanna. Hér fer á eftir samantekt úr gögnum frá vinnusmiðjunni.

Þátttakendur voru:

- Anna Jóna Árnarsdóttir, í sveitarstjórn.
- Anna Bryndís Tryggvadóttir, **varamaður** í sveitarstjórn.
- Arna Björg Bjarnadóttir, formaður samfélagsnefndar.
- Bjarki Már Jónsson, í nefnd og varamaður í sveitarstjórn.
- Gunnar Gunnarsson, varamaður í sveitarstjórn.
- Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti og sveitarstjóri.
- Hörður Guðmundsson, varamaður í sveitarstjórn.
- Jóhann F. Þórhallsson, sveitarstjórn og nefnd.
- Lárus Heiðarsson, í sveitarstjórn og nefnd.
- Signý Ormarsdóttir, Austurbrú, í nefnd.
- Þórhallur Jóhannsson, í nefnd.



VIÐFANGSEFNI DAGSINS

Byrjað var á að leita eftir væntingum þátttakenda til vinnusmiðjunnar og þau spurð hvað þau vildu að rætt yrði í gegnum daginn. Þar varð til þessi listi, sem hér er flokkaður eftir málefnum.

Um íbúáþing / samtalið við íbúa

- Markvisst íbúáþing og eftirfylgni.
- Nálgun íbúa.
- Tékka á hvernig sveitarmórállinn er.
- Finna til ábyrgðar og smita íbúa til frekari virkni.
- Hvernig miðlum við því sem fram kemur í dag?

Um þátttöku

- Hvers getum við vænst af íbúum?
- Hvernig virkjum við dragbítana?
- Hvernig virkjum við þá óvirku?

Um skuldbindingu sveitarfélagsins

- Hvers geta íbúarnir vænst?

Um samfélagsverkefnið og stefnu sveitarfélagsins:

- Til hvers nefndin er og tilgangur með þessum fundi / sameiginleg niðurstaða.
- Hvernig vinnum við samfélagsverkefnið áfram?
- Í hvaða átt er sveitarfélagið að stefna?

FORSENDUR ÁRANGURSRÍKRAR ÞÁTTTÖKU

Undirrituð kynnti forsendur árangursríkrar þátttöku og byggði þar m.a. á nálgun alþjóðlegra samtaka um þátttöku almennings, International Association for Public Participation, IAP2.

Sjá nánar í námskeiðsgögnum.

Síðan var unnið í minni hópum þar sem þeirri aðferðafræði var beitt á samfélagsverkefnið í Fljótisdalshreppi. Rætt var um þrjú málefni, eitt í hverjum hópi: Ákvarðanir, stig þátttöku og hagsmunaaðila. Þátttakendur byrjuðu í einum hópi, færðu sig því næst í annan og fóru svo til baka í þann hóp sem þau byrjuðu í. Að því loknu fóru þátttakendur á milli og heyrðu afrakstur umræðunnar hjá hverjum og einum hópi.



ÁKVARÐANIR

Samkvæmt IAP2 beinist þátttaka íbúa að ákvörðun, þ.e. áður en samtalið er opnað – hvort sem það er gert með íbúáþingi eða öðrum hætti, þarf að ákveða hvort og hvernig það sem íbúar hafa fram að færa verði nýtt við ákvarðanatöku. Það þýðir að í því felst loforð, sem kemur þá fram í kynningarefni fyrir íbúáþing og er síðan leiðarljós í gegnum alla vinnuna.

Þetta var rætt í hópi, út frá þessari spurningu:

„Í hvaða ákvörðunum gæti sveitarstjórn nýtt sér hugmyndir og sjónarmið íbúa og um hvaða mál hafa íbúar áhuga á að ræða?“

Eftirtalin málefni rötuðu á blað :

Skipulags- og byggingarmál

- Skipulagsmál.
- Byggingarmál.
- Afrétt og skipulagsmál.

Atvinnumál

- Atvinnumál.
- Ferðaþjónusta.
- Ferðamálanefnd, fjárhagsáætlun.
- Landbúnaðarmál.
- Sauðfjárrækt.
- Skógrækt.
- Skógrækt – úrvinnsla.
- Vannýtt tækifæri; hrossarækt, jarðrækt, repja, korn, nýsköpun, úrvinnsla.

Einstakir staðir

- Hengifoss – fræðsla, markaðssetning.
- Skriðuklaustur, Eyrarland og Bessastaðir?

Önnur málefni

- Umhverfismál.
- Félagsþjónusta.
- Stefnumörkun.
- Meta kosti og galla (ath. e.t.v. átti þessi miði aðeins við eitt tiltekið málefni, en það var ekki ljóst við úrvinnslu).



HAGSMUNAAÐILAR

Hér var verkefni hópsins að kortleggja hagsmunaaðila og þar með mögulega þátttakendur í samfélagsverkefni.

Þessi listi varð til:

Fólk búsett í Fljótisdal

- Íbúar með lögheimili.

Fólk tengt Fljótisdal

- Brottluttir.
- Afkomendur, börn þeirra sem búa í Dalnum.
- Þeim sem þykir vænt um sveitina.
- Sumarhúsaeygendur.
- Fasteignaeigendur án búsetu.

Fyrirtæki og frumkvöðlar

- Fyrirtæki með starfsemi í Fljótisdal.
- Frumkvöðlar.

Félagasamtök á svæðinu

- Hagsmunafélag bænda.

Félagasamtök og stofnanir á stærra svæði

- Samtök sem efla atvinnu og samfélagsþátttöku kvenna.
- Æskulýðssamtök, t.d. ungt Austurland.
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- Ferðaklasi Íslands, Ferðamálastofa / SAF.
- Matarauður Íslands.
- Matís.
- Bændasamtök Íslands



STIG ÞÁTTTÖKU

Hópurinn sem ræddi um **möguleg stig þátttöku í samfélagsverkefninu og/eða íbúáþingi**, raðaði inn á það skema sem IAP2 miðar við og horfði annars vegar út frá hópum og hins vegar málefnum.

Upplýsa	Leita ráða	Virkja	Eiga samstarf	Gefa völd
Húsnæðisáætlun Jarðrækt Atvinnutækifæri	Karlar Konur	Sauðfjorbændur; framτίðarsýn Skógarbændur Ferðapjónustuaðilar Frumkvöðlar Þjónustuhús við Hengifoss; <i>staðsetning,</i> <i>stækkunarmöguleikar,</i> <i>markmið</i> Landnotkun; <i>skógrækt +</i> <i>þjóðgarður, bændur,</i> <i>hross, kýr, alþjóða</i> <i>skuldbindingar</i> Grunnþjónusta; þarfir íbúa Fljótsdals vs. annarra jarðarbúa	Ferðapjónustuaðilar Sauðfjorbændur Skógarbændur Frumkvöðlar	



HVERJU Á SAMFÉLAGSVERKEFNI AÐ BREYTA?

Að hópavinnu lokinni, var sú spurning lögð fyrir alla þátttakendur hverju þau vilja að samfélagsverkefnið breyti. Svörin voru skráð á gula miða og fara hér á eftir:

Samvinna, samheldni

- Meiri samvinnu og samheldni.
- Fleiri samstarfsverkefni / hittingar sem þurfa ekki að vera flóknir.
- Betra samfélagi.
- Betra mannlífi og samkennd.
- Sterkara samfélagi.
- Sterkari saman en sundur.
- Fjölbreyttara og öflugra samfélagi.

Samkennd, viðhorf

- Aukinni samkennd íbúa.
- Bjartsýni á framtíð Fljótsdals.
- Öflugri sjálfsmýnd íbúa.
- Minni togstreitu milli íbúa.
- Jákvæðara samfélagi.
- Jákvæðni.
- Samkennd.
- Sterkari heild.
- Jákvæðni.

Atvinnulíf

- Ný atvinnutækifæri verði að veruleika.
- Nýtingu auðlinda / tækifæra.
- Fjölgun opinberra starfa, líka hjá sveitarfélaginu.
- Fjölbreytt atvinnulíf.

Framtíðarsýn

- Að samfélagsverkefnið skili Fljótsdalshreppi breiðari grunngildum inn í samfélagið.
- Plan ef til sameiningar kemur með lögum.
- Bættum fjallskilum.
- Þátttöku óvirkra íbúa, t.d. landeigenda án búsetu í samfélaginu.

Ásýnd / ímynd

- Að Fljótsdalur verði trendy
- Fljótsdalur verði enn þekktara svæði / sveitarfélag en áður.
- Bættri ásýnd / ímynd út á við.

Fjölgun íbúa

- Nýrri kynslóð.
- Nýjum íbúum x 2.
- Fleirum á svæðinu.
- Fjölgun íbúa.

Húsnæðismál

- Húsnæðismál til eflingar atvinnulífs.
- Húsnæði til leigu í sveitarfélaginu.



NÆSTU SKREF

Í lok vinnusmiðjunnar, var farið yfir næstu skref, sem gert var með því að þátttakendur skrifuðu sína punkta niður á gula miða. Þetta kom fram:

Íbúáþing / íbúafundur

- Undirbúningur, skipulagning íbúáþings, þar sem næstu skref verða ákveðin.
- Að nefndin með sveitarstjórn vinni að undirbúningi íbúáþings.
- Íbúáþing x 3.
- Halda íbúáþing.
- Undirbúa íbúáþing.
- Halda íbúafund.
- Fundur með íbúunum.
- Íbúakaffi, létt spjall um hvað fólk sér fyrir sér til eflingar Fljótsdals.
- Samfélagsnefndin undirbúi íbúáþing í febrúar/mars.

Kynningarmál

- Miðla fundinum í dag með boðun íbúáþings. Festa dagsetningu.
- Að strax fari inn færsla á Fljótsdælingar hópinn með mynd um fundinn í dag.
- Að senda dreifimiða á alla íbúa sveitarinnar þar sem nefndin og hennar starf verði kynnt.
- Sigurborg taki saman vinnusmiðjuna og samfélagsnefnd taki samantektina til skoðunar.
- Gæti verið gott að nálgast íbúa með bréfi fyrir íbúáþing til að vekja þá til virkni.
- Kynning á verkefninu til íbúa.
- Nota fréttabréf – heimasíðu hreppsins til kynningar.
- Markaðssetja Fljótsdal – veit fólk almennt hvað er í boði í Fljótsdal?

Fjármál

- Að sveitarstjórn hugi að fjárveitingu til nefndarinnar / verksins til að tryggja eftirfylgni við þingið og framgang verkefna.
- Taka frá fjármagn til að vinna 2019.

Nefndin + greining og stefnumörkun

- Skýra stefnumörkun að loknu íbúáþingi.
- Gæti einhver utanaðkomandi aðili greint samfélagið og vannýtt tækifæri.
- Fá greiningu á hversu mikið er talað um fjallskil í samanburði við önnur öflug sveitarfélög landsins.
- Nefndin haldi áfram.

Annað

- Athuga möguleika á uppbyggingu leiguhúsnæðis.
- Meira samstarf innan sveitar til eflingar ferðapjónustu.
- Mæta saman og þrifa Végarð á miðvikudag kl. 11. f. hád.
- Halda jól.
- Þetta íða (djók).

TILLÖGUR

Hér eru settar fram tillögur, byggðar á umræðu dagsins:

Haldið verði áfram með samfélagsverkefnið á þeirri braut sem það er hafið. Ekki er í boði að hætta við verkefnið, sérstaklega þar sem búið er að kynna hugmyndina í sveitarfélaginu og kallað var eftir tilnefningum frá íbúum í verkefnisstjórn.

Stefnt skal að íbúapingi. Íbúapingið er ekki markmið í sjálfu sér, heldur leið til að leggja grunn að samtali við íbúa og samfélagsverkefninu.

Verkefnisstjórn setjist yfir þetta minnisblað og **skilgreini markmið samfélagsverkefnisins**, út frá kaflanum um hverju verkefnið á að breyta, á bls. 6.

Loforð til íbúa varðandi hvað verði gert með það sem kemur út úr íbúapingi, ætti samkvæmt umræðu þar um, að vera á þriðja stigi, þ.e. „Virkja“ og gæti hljóðað eitthvað á þessa leið:

„Hreppsnefnd og verkefnisstjórn leggja áherslu á að vinna með íbúum í gegnum samfélagsverkefnið. Það sem fram kemur á íbúapingi verður nýtt til að skilgreina þá valkosti sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir, í hinum ýmsu málum. Þar má m.a. nefna skipulagsmál, atvinnumál, aðstöðu, þjónustu, eflingu samfélagsins og stefnumörkun Fljótsdalshrepps almenn. Einnig er þess vænst að til verði samstarfsverkefni íbúa og verkefnisstjórnar, sem fylgt verði markvisst eftir.“

Verkefnisstjórn mun leggja sig fram um að gera grein fyrir hvernig skilaboð íbúa hafa áhrif á ákvarðanir og framvindu verkefnisins.“

Verkefnisstjórn **skoði nánar** þau þrjú málefni sem hópurinn um stig þátttöku setti í dálkinn „upplýsa“, þ.e. „húsnæðisáætlun, jarðrækt og atvinnutækifæri“, sbr. bls. 5. Er eitthvað varðandi þessi mál, sem gagnlegt væri fyrir íbúa að fá að vita meira um fyrir íbúaping? Eða á það heima á síðari stigum samfélagsverkefnisins?

Þeir aðilar sem hópurinn setti í dálkinn „eiga samstarf“, væru væntanlega mögulegir samstarfsaðilar í einstökum verkefnum á síðari stigum samfélagsverkefnisins.

Listinn yfir hagsmunaaðila, á bls. 3 – 4, verði notaður varðandi **kynningarmál**.

Eins og fram kom á vinnusmiðjunni, gæti verið gott að gera **dreifibréf** um verkefnið og um íbúaping, með góðum fyrirvara, áður en þing verður haldið.

Mælt er með að verkefnisstjórn geri tillögu til sveitarstjórnar um **hlutverk** sitt og hvernig samstarfi milli þessara aðila verði háttáð. Það er þó ekki endilega nauðsynlegt að gera fyrir íbúaping, heldur getur verið hluti af verkefnisáætlun sem til verður í kjölfar íbúapings.

AÐ LOKUM

Á vinnusmiðjunni komu í ljós nokkuð breiðar og að sumu leyti ólíkar væntingar til samfélagsverkefnis og íbúapings. Fram fór hreinskiptið samtal, þar sem mismunandi sjónarmið komu fram. Mat undirritaðrar er það að dagurinn hafi skilað meiri samhljómi um það verkefni sem framundan er. Mikilvægt er að verkefnisstjórn og hreppsnefnd eigi reglulega samtal, til að þessir tveir aðilar vinni sem mest út frá sameiginlegri sýn á þau skref sem stigin verða og tilgang þeirra. Slík samtilling, ef tekst, mun skila sér til íbúa og verða liður í því að efla samfélagið í Fljótsdal.

Verði það niðurstaða Fljótsdalshrepps að leita til ILDI's varðandi umsjón með íbúapingi, væri það mér sönn ánægja.

Með bestu kveðju á aðventu,

Sigurborg Kr. Hannesdóttir

Viðtakandi: Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps og stýrihópur samfélagsverkefnis

